



Byggðaráð Norðurþings
b.t. Kristján Þór Magnússon
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 22. september 2021
Tilv.: ANR21080179/11.01.06

Efni: Lokun Skjálfandaflóa fyrir veiðum með dragnót - Hafnað.

Vísað er til erindis Byggðaráðs Norðurþings f.h. smábátasjómanná á Húsavík. Í erindinu var farið á leit við ráðuneytið: „*að veiðar með dragnót verði óheimilar í Skjálfanda innan línu sem nemur við norðurenda Flateyjar í Tjörnestorfu. Að undanförnu hafa stór dragnótaskip verið að veiðum í Skjálfanda á hefðbundinni veiðislóð smábáta.*“ Einnig segir í erindinu: „*Skip að stærðinni 283 brúttótonn með griðarlega toggetu og veiðarfærið útbúið til bolfskvæða á ekkert erindi á grunnslóð. Afskastageta þess er í þriðja veldi á við það veiðarfæri sem miðað var við þegar undanþága var gerð fyrir dragnót til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt var litið til þess að veiðarfærið væri kjörið til veiða á flatfiski þegar undanþágan var veitt.*“.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Hafrannsóknastofnunar og umsagnar og upplýsinga hjá Fiskistofu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur m.a. fram að stofnunin *telur engin fiskfræðileg rök til að banna veiðar með dragnót í Skjálfandaflóa. Hafrannsóknastofnun bendir á að dragnót er afkastamikið veiðarfæri sem beita þarf varlega á hrygningartímanum þar sem smáar hrygningareiningar geta verið. Skyndilokanir vegna smáfisks í dragnót eru fáttíðar miðað við önnur veiðarfæri á sömu slóð. Lífslikur smáþorsk sem lendir í dragnót og sleppur eru nokkuð góðar. Aðeins er til ein frekar takmörkuð rannsókn frá 2008 í Skagafirði um áhrif dragnótar á lífriki á botni og bentí hún ekki til merkjanlegra áhrifa, ekki er hægt að heimfæra þá rannsókn upp á önnur svæði.*

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu stunduðu fjögur skip veiðar með dragnót á Skjálfandaflóa 1. sept. - 15. mars 18/19, afli samtals 547 tonn.

1. sept. - 15. mars 19/20 stunduðu þrjú skip veiðar með dragnót á Skjálfandaflóa, afli samtals 488 tonn. Eftir lokun, eða frá 15. mars - 31. ágúst 2020 stunduðu þrjú fiskiskip veiðar á Skjálfandaflóa í alls 6 daga og afli samtals 32 tonn.

1. sept. - 15. mars 20/21 stunduðu fimm skip veiðar með dragnót á Skjálfandaflóa. Veiðidagar um 110 og afli samtals 772 tonn. Eftir lokun frá 15. mars til 13. sept. 2021 hafa fimm fiskiskip stundað veiðar á Skjálfandaflóa í alls 41 dag og afli samtals 384 tonn.

Af framansögðu má sjá að á undanförnum þremur fiskveiðíárum hafa þrjú til fimm skip stundað veiðar með dragnót á Skjálfandaflóa. Aflinn hefur verið frá 500 til 1.150 tonn á hverju fiskveiðíári. Á síðasta fiskveiðíári stunduðu fimm skip veiðar með dragnót á Skjálfandaflóa í alls 151 daga. Eða að meðaltali 30 daga hjá hverju skipi það fiskveiðíár. Að mati ráðuneytisins getur það vart talist mikil sókn á það svæði (Skjálfandaflóa).

Með vísan til ofanritaðs hafnar ráðuneytið erindi Byggðaráðs Norðurþings f.h. smábátasjómanna á Húsavík um að veiðar með dragnót verði óheimilar í Skjálfanda innan línu sem nemur við norðurenda Flateyjar í Tjörnestorfu.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Guðmundur Jóhannesson



Skúli Kristinn Skúlason